

# LÖG

## um breytingu á ýmsum lögum vegna nýs stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

*Breyting á lögum nr. 74/1938, um löggilta niðurjöfnunarmenn sjóttjóns, með síðari breytingum.*

##### 1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 133/1993, bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á umferðarlögum, nr. 50/1987, með síðari breytingum.*

##### 2. gr.

Á eftir orðunum „að Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 54. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 138/1996, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 91/1991, um meðferð einkamála, með síðari breytingum.*

##### 3. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í a-lið 1. mgr. 133. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 97/1999, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 54/1997, um fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu, með síðari breytingum.*

##### 4. gr.

Við 3. mgr. 17. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, með síðari breytingum.*

##### 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 90/2001:

a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðinu“ í 1. mgr. kemur: í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

b. 2. mgr. orðast svo:

Lögin gilda einnig um vinnslu persónuupplýsinga þótt ábyrgðaraðili hafi hvorki staðfestu í ríki á Evrópska efnahagssvæðinu né í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ef hann notar tæki og búnað sem er hér á landi.

##### 6. gr.

Við 13. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 90/2001, bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákvæði 4. mgr. gilda einnig þegar vinnsluáðili á staðfestu í öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en ábyrgðaraðili, sbr. 1. mgr. 6. gr., og þegar ábyrgðaraðili hefur staðfestu í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu en vinnsluáðili ekki.

## II. KAFLI

**Félagsmálaráðuneyti.**

*Breyting á lögum nr. 12/1997, um atvinnuleysistryggingar, með síðari breytingum.*

7. gr.

Við 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laganna bætist: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

8. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. másl. 3. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

9. gr.

Á eftir orðunum „í EES-landi“ í 6. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

10. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóði er heimilt fyrir hönd þar til bærrar stofnunar í EES-landi eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu að greiða ríkisborgara í EES-ríki eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu, sem hingað kemur í atvinnuleit, atvinnuleysisbætur, enda endurgreiði sú stofnun sjóðnum þær fjárhæðir sem þannig eru inntar af hendi.

*Breyting á lögum nr. 46/1997, um Tryggingasjóð sjálfstætt starfandi einstaklinga, með síðari breytingum.*

11. gr.

Á eftir orðunum „til annars EES-ríkis“ í 4. másl. 6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1998, kemur: eða aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof.*

12. gr.

Á eftir orðunum „í öðrum EES-ríkjum“ í 2. másl. 1. mgr. 13. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 54/2001, um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.*

13. gr.

Við 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.*

14. gr.

Á eftir orðunum „innan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## III. KAFLI

**Fjármálaráðuneyti.**

*Breyting á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum.*  
15. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 8. tölul. 11. gr. laganna, sbr. 9. gr. laga nr. 143/1997, kemur: eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.*  
16. gr.

Á eftir orðunum „ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 18/1997, um endurskoðendur, með síðari breytingum.*  
17. gr.

Við 1. tölul. 5. mgr. 6. gr. laganna bætist: eða í aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum.*  
18. gr.

2. másl. 1. mgr. 31. gr. laganna orðast svo: Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.*  
19. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „ríki Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *evrópskt tæknisamþykki* kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- b. Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í skilgreiningu hugtaksins *sam-eiginleg tækniforskrift* kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

20. gr.

Á eftir orðunum „ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í c-lið 7. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

21. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## IV. KAFLI

**Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.**

*Breyting á hjúkrunarlögum, nr. 8/1974, með síðari breytingum.*  
22. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 116/1993 og 4. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á hjúkrunar-

leyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum um lyfjafræðinga, nr. 35/1978, með síðari breytingum.*  
23. gr.

Í stað orðanna „og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 116/1993 og 10. gr. laga nr. 76/2002, kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á ljósmæðralögum, nr. 67/1984, með síðari breytingum.*  
24. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1993 og 14. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á ljósmæðraleifyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 38/1985, um tannlækningar, með síðari breytingum.*  
25. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 16. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á tannlækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

26. gr.

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 116/1993 og 18. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi frá landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á læknalögum, nr. 53/1988, með síðari breytingum.*  
27. gr.

2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 19. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: sá sem fengið hefur staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á lækningaleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

28. gr.

2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 116/1993 og 21. gr. laga nr. 76/2002, orðast svo: hann fengið staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á sérfræðingsleyfi í landi sem er aðili að samningi um Evrópskt efnahagssvæði eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## V. KAFLI

**Iðnaðarráðuneyti.**

*Breyting á lögum um einkaleyfi, nr. 17/1991, með síðari breytingum.*

29. gr.

Við 1. mgr. 65. gr. a laganna, sbr. 24. gr. laga nr. 36/1996 og 1. gr. laga nr. 132/1997, bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ákvæðin taka einnig til ríkisborgara og lögaðila aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.*

30. gr.

Á eftir orðunum „samningi um Evrópska efnahagssvæðið“ í 2. gr. laganna kemur: eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

31. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 69/2002, bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar.

## VI. KAFLI

**Landbúnaðarráðuneyti.**

*Breyting á lögum nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu, með síðari breytingum.*

32. gr.

6. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 150/2001, orðast svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð þar sem tilgreindar eru lágmarkskröfur sem gerðar eru til vottaðra lífrænna framleiðsluhátta við íslenskar aðstæður í samræmi við grunnreglur Alþjóðasamtaka lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM), skuldbindingar Íslands skv. I. og II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og skuldbindingar Íslands samkvæmt viðauka F við stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.*

33. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Dýralæknir hefur leyfi til að kalla sig sérfræðing og starfa sem slíkur hér á landi hafi hann fengið til þess leyfi landbúnaðarráðherra, fengið viðurkenningu til að starfa sem sérfræðingur í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

Umsóknir um sérfræðingsleyfi skulu lagðar fyrir dýralækna ráð til umsagnar þegar menntunar er aflað utan Evrópska efnahagssvæðisins eða utan aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu. Við afgreiðslu einstakra umsókna er heimilt að kveðja til sérfróðan dýralækni úr þeirri sérgrein sem sótt er um viðurkenningu á.

*Breyting á lögum nr. 58/2000, um yrkisrétt.*

34. gr.

Á eftir orðunum „að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið“ í 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## 35. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 4. tölul. 18. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## 36. gr.

Fyrri málslíður 24. gr. laganna orðast svo: Hafi yrkishafi hvorki búsetu eða aðsetur hér á landi, í ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu er unnt að beina erindum til umboðsmanns hans.

## VII. KAFLI

**Menntamálaráðuneyti.**

*Breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með síðari breytingum.*

## 37. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1997, 1. gr. laga nr. 49/2001 og 1. gr. laga nr. 127/2002, orðast svo:

Lög þessi gilda um störf sem löggildingu, leyfi eða aðra jafngilda viðurkenningu þarf til og falla undir tilskipanir 89/48/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, 92/51/EBE, með áorðnum breytingum, sbr. tilskipun 2001/19/EB, eða 1999/42/EB, sem og viðauka við þær svo sem þeir eru á hverjum tíma, sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningur Fríverslunarsamtaka Evrópu ná til og kveða á um almennar reglur um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum vegna starfsmenntunar.

## 38. gr.

Á eftir orðunum „aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga nr. 76/1994, kemur: og stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 72/1996, um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla.*

## 39. gr.

Á eftir orðunum „annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra.*

## 40. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal menntamálaráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari með sömu skilyrðum enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd kennsluréttindi í aðildarríki samtakanna.

## VIII. KAFLI

**Samgönguráðuneyti.**

*Breyting á lögum nr. 112/1984, um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, með síðari breytingum.*

41. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 113/1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, með síðari breytingum.*

42. gr.

Á eftir orðunum „ríkja Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. 9. gr. laganna, sbr. 6. gr. laga nr. 60/1995 og 14. gr. laga nr. 7/1996, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

43. gr.

Á eftir orðunum „utan hins Evrópska efnahagssvæðis“ í 1. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 60/1995, kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 60/1998, um loftferðir, með síðari breytingum.*

44. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í 2. mgr. 10. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

45. gr.

Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. 127. gr. laganna kemur: eða aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi, með síðari breytingum.*

46. gr.

11. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirsögn:

*Fólks-, vöru- og efnisflutningar innan Evrópska efnahagssvæðisins og milli aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.*

Þeir sem hafa almennt leyfi skv. 4. gr. geta sótt um leyfi til Vegagerðarinnar til að stunda fólks-, vöru- og efnisflutninga á milli ríkja Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða innan lands í þeim ríkjum. Vegagerðin veitir slík leyfi á grundvelli reglna sem um slík leyfi gilda. Sama gildir um leyfi sem veitt eru á grundvelli samninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 76/2001, um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.*

47. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Tilgangur laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim er að laga íslenskan rétt að þjóðréttarlegum skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt alþjóðasamþykkt um menntun og þjálfun, skirteini og vaktstöður sjómanna (STCW) frá 1978 með síðari breytingum, EES-

samningnum, sbr. tilskipun ráðsins nr. 94/58/EB frá 22. nóvember 1994, um lágmarksþjálfun sjómanna, sbr. tilskipun ráðsins nr. 98/35/EB frá 25. maí 1998, og stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu.

48. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „Evrópska efnahagssvæðisins“ í 2. mgr. kemur: og ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- b. Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í síðari málslíð 5. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

49. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Hið sama gildir um umsóknir frá ríkisborgurum aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- b. Á eftir orðunum „utan Evrópska efnahagssvæðisins“ í 3. mgr. kemur: og aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

## IX. KAFLI

### Viðskiptaráðuneyti.

*Breyting á lögum nr. 7/1936, um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, með síðari breytingum.*

50. gr.

Við 36. gr. d laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 14/1995, bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ef ákvæði samnings tengist landsvæði aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu með samsvarandi hætti skal neytandinn eigi njóta lakari verndar en samkvæmt löggjöf viðkomandi lands á svæðinu.

*Breyting á lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.*

51. gr.

Í stað orðanna „aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 115. gr. laganna, sbr. 5. gr. laga nr. 116/1997 og 62. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

*Breyting á lögum nr. 159/1994, um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög.*

52. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ríkisborgarar og lögaðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu njóta sama réttar og í ákvæðunum felast enda sé um gagnkvæmni að ræða.

*Breyting á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum.*

53. gr.

Í stað orðanna „í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu“ í 5. málsl. 1. mgr. 141. gr. laganna, sbr. 7. gr. laga nr. 117/1997 og 67. gr. laga nr. 76/2002, kemur: í ríki sem er ekki aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.



*Breyting á lögum nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.*

54. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í b-lið 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

55. gr.

Á eftir orðunum „á Evrópska efnahagssvæðinu“ í a-, b- og c-lið 22. gr. laganna kemur: eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu.

X. KAFLI  
**Gildistaka.**

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. mars 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*